



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAREPPS

13. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 23. janúar 2025 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra eru mættir: Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála.

Jón Bjarnason oddviti ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Flúðaorka drög að samningi.

Lögð fram drög að samningi milli Flúðaorku og Hrunamannahrepps. Um er að ræða nýjan samning byggðan á fyrri samningum ásamt viðaukum.

Veitustjóri fór yfir samninginn á fundinum og umræður sköpuðust. Ýmis mál er varða samninginn þarfnast nánari skoðunar.

Nefndin felur veitustjóra ásamt sveitarstjóra að fylgja málinu eftir og þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum.

2. Tilnefning í stýrihóp um verkefnið „Uppbyggingu jarðhitagarðs við Kópsvatnsvirkjun“

Fyrir liggur bréf frá Flúðaorku þar sem fram kemur að Flúðaorka hlaut styrk vegna uppbyggingu jarðhitagarðs við Kópsvatnsvirkjun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Óskað er eftir því við Hrunamannahrepp að tilnefna fulltrúa í stýrihóp verkefnisins.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tilnefna Hannibal Kjartansson veitustjóra og Aldís Hafsteinsdóttur sveitarstjóra í stýrihópinn.

JS BV
FE8 KA
DAS JK

3. Iðjúsulóð - skoðun á deiliskipulagi vegna framkvæmda sumarsins.

Mikill áhugi hefur verið á lóðum á athafnasvæðinu við Iðjúsulóð. Nú þegar hefur verið úthlutað 4 lóðum og fyrir liggja umsóknir um 2 lóðir til viðbótar sem fara fyrir fyrsta fund sveitarstjórnar í febrúar nk.. Á fjárfestingaáætlun ársins eru malbikunarframkvæmdir við Iðjúsulóð ásamt malbikun í Garðastíg og Ljónastíg. Útboðsgögn eru klár en ljóst er að deiliskipulag þarfnast endurskoðunar áður en framkvæmdir hefjast.

Nefndin leggur til að fara í breytingu á deiliskipulagi á Iðjúsulóð með það að markmiði að stækka beygjuradíus við fyrstu gatnamót og kanna möguleika á tilfærslu lóðamarka og stækkun þeirra til að mæta breyttum þörfum. Veitustjóra ásamt oddvita falið að vinna málið áfram með hönnuði skipulagsins.

4. Staða á helstu fjárfestingum ársins 2025

- Félagsheimili – lokahönnun liggur fyrir. Búið er að ræða við verktaka og er verðathugun á efniskostnaði í ferli með verktaka. Þanta þarf glugga sem fyrst og er áætlað að verkið geti hafist í mars.
- Svínárnes – lokahönnun liggur fyrir og eru teikningar komnar til byggingafulltrúa til yfirlstrar. Í framhaldinu fer verðfyrirspurn í gang vegna efniskaupa á skálanum. Búið er að ræða við verktaka vegna vinnu við uppsetningu á skálanum.
- Móttökustöð – búið er að staðfesta kaup á forsteyptum einingum í samræmi við lokahönnun á svæðinu. Breyta þarf skipulagi vegna nýrrar hönnunar á svæðinu.
- Gatnagerð – framkvæmdir við Röðulstanga eru ekki hafnar en gert er ráð fyrir að þær hefjist í febrúar.
- Hrunamannavegur 3 – verktakar eru byrjaðir á framkvæmdum við innréttingu á heilsugæslu og miðar verkinu vel. Hönnun á kjallara er í gangi í samstarfi við Héraðsskjalasafnið.
- Sundlaugasvæði – Lausnir vegna hálku á göngusvæði við sundlaug. Skoða kostnað við að steypa stétt með innbyggðu hitakerfi. Skoðast fyrir næsta fund.

5. Blákvíslarveita - Guðmundur Daníelsson fer yfir málið ásamt veitustjóra

Guðmundur Daníelsson hefur verið ráðinn til verkefnisins „Blákvíslarveita“.

Guðmundur er okkur Hrunamönnum ekki alveg ókunnugur en hann stýrði ljósleiðaraframkvæmdum í sveitarfélaginu og heldur að hluta utan um ýmsa verkferla Hrunaljóss enn þann dag í dag. Guðmundur mun stýra verkinu Blákvíslarveita og halda utan um alla ferla þess ásamt veitustjóra. Í byrjun felst verkefnið í að taka saman öll gögn málsins til að kjörnir fulltrúar geti tekið góða og upplýsta ákvörðun um jafn stóra framkvæmd. Í framhaldinu að útbúa samninga, halda utan um fundargerðir og annast

JB Þor✓
EES KH
DAS HC

samskipti við stofnanir og verktaka eins og þurfa þykir.

Guðmundur Hjaltason hjá Eflu sér um hönnun á Blákvíslarveitu. Hönnun er þegar komin af stað þó ýmis tæknilega atriði standi út af.

Fundargerð upphafsfundar frá 15. janúar sl. um Blákvíslarveitu lögð fram til kynningar.

Nefndin fagnar því að Guðmundur hafi fengist til að taka verkefnið að sér og þakkar fyrir góða kynningu. Blákvíslarveita yrði mjög stór vatnsveita í ekki stærra sveitarfélagi. Því er mjög mikilvægt að öll gögn málsins liggi fyrir og ef ráðist verði í verkefnið að vel takist til og áætlanir standist.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40.

Þorrey Vignisdóttir



Ævar E. Sigurðsson

KOLBRINN HARAUDSDÓTTIR

Datt Guir Samuelsson

Lambert Freyð